



## Minnisblað

---

**Varðandi:** Barnvænt samfélag- sveitarfélög með réttindi barna að leiðarljósi  
**Málsnr.** 2005059  
**Dags.:** 08.05.2020

### Barnvænt samfélag

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem snýr að verkfærakistu og líkani sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga.

Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga út um allan heim frá 1996. Íslenska líkanið byggir jafnframt á efni frá umboðsmönnum barna í Noregi og Svíþjóð og UNICEF í Finnlandi.

Þótt ríkisvaldið beri formlega ábyrgð á að uppfylla Barnasáttmálann verður sáttmálinn aldrei að fullu innleiddur inn í íslenskt samfélag, nema í samstarfi við íslensk sveitarfélög. Það eru sveitarfélögin sem annast stærstan hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna.

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess.

Innleiðingarferlið tekur tvö á og skipt í 8 skref sem sveitarfélagið stígur. Að þeim skrefum uppfylltum fær sveitarfélagið vottun sem barnvænt samfélag.

Unicef fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins sér um að veita ráðgjöf og leiða sveitarfélögin í gegnum ferlið. Kostnaðurinn við það er 2 milljónir en nú hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að greiða niður kostnaðinn fyrir þátttökusveitarfélög og er heildarkostnaður nú fyrir ráðgjöf við innleiðinguna kr. 500.000 fyrir tvö ár.

Akureyri, Kópavogur og Hafnarfjörður hafa þegar hafið innleiðingu á verkefninu og er ráðgert að sex sveitarfélög taki þátt á árinu 2020 og er Borgarbyggð eitt af þeim sveitarfélögum sem hafa staðfest að taka þátt. Síðan er gert ráð fyrir að 12 sveitarfélög hefji innleiðingu 2021. Óvíst er hve lengi félagsmálaráðuneytið niðurgreiðir kostnaðinn við innleiðingarferlið.

Samkvæmt upplýsingum frá Önnu Magneu Hreinsdóttur sviðsstjóra fjölskyldusviðs í Borgarbyggð stendur til að stofna innleiðingarteymi innan sveitarfélagsins, þvert á svið sem stýrir innleiðingunni í tvö ár í samstarfi við aðila frá Unicef. Ákvörðun um það hverjir mynda teymið liggur hjá sveitarfélaginu með ráðgjöf frá fulltrúa Unicef. Anna Magnea telur að um sé



## Akraneskaupstaður

að ræða og sambærilega vinnu og mörg sveitarfélög fóru í við innleiðingu jafnréttisáætlana sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir mánaðarlegum fundum innleiðingarteymis næstu tvö árin og ekki er gert ráð fyrir viðbótar kostnaði vegna þess.

Anna Magnea fer fyrir hönd sveitarfélagsins í forsvari fyrir innleiðingunni

Virðingarfyllst,

---

Valgerður Janusdóttir

sviðsstjóri